



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Heimilisfræði 5. - 7. bekkur

Kennarar: Ragna Richter

Megintilgangur list- og verkgreina er að gefa nemendum tækifæri til að þróa sköpunargleði, hugmyndaflug og hæfni til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með orðum, hreyfingu, tónum, efni og verkfærum þar sem áhersla er lögð á að samhæfa huga, hjarta og hönd. Í þessu námi kynnast nemendur fjölbreyttum aðferðum og miðlum, læra að vinna með tilfinningar, túlka umhverfi sitt í gegnum verk og list. Þeir þjálfast samvinnu, sjálfstæði, frumkvæði og gagnrýna hugsun og öðlast hæfni til að nálgast heiminn á skapandi hátt. Verkgreinar stuðla að því að nemendur verði færir í að framkvæma, takast á við verkefni í samhengi við umhverfi sitt, nýta verkþekkingu og þróa sjálfstraust og útsjónarsemi. Þannig stuðla list- og verkgreinar að jafnvægi í námi og gefa hverjum og einum tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - List- og verkgreinar](#)

Meginviðfangsefni

Megin markmið er að er að nemandinn verði sjálfstæðari í allri vinnu í eldhúsinu og geti fylgt þeim uppskriftum sem kennarinn leggur fram. Nemandinn geti skipulagt vinnu sína með námsfélaga og kunni að beita viðeigandi tækni sem áhöldum og tækjum á réttan hátt. Nemandinn þekkir mikilvægi þrifa og frágangs í eldhúsi og viti hvaða hættur geti skapast og hvernig bregðast eigi við hverju sinni.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti s.s. sýnikennslu, stig skipan stuðning og samvinnunám.



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

Notast er við uppskriftir í heimilisfræði fyrir mið- og unglingastig frá Menntamálastofnun sem og hinar ýmsu uppskriftar bækur um hollt og gott matarræði. Einnig vinnum við með vinsælar uppskriftir af ýmsum vefmiðlum og spennandi uppskriftum frá nemendum sem henta námsmarkmiðum. Leitast er eftir því að hafa sem fjölbreyttust verkefni, læra að leggja mat á gæði þeirra uppskrifta sem við finnum á veraldarvefnum og hvernig við getum aðlagð uppskriftir eftir þörfum. Mikilvægt er að verkefnin séu fjölbreytt, holl, spennandi og að nemendur kynnist því hvernig hægt er að nýta hráefni sem þau þekkja lítið eða ekkert til matargerðar.

Námsmat

Námsmat byggist á virkni nemanda í tíma, sjálfstæði, frumkvæði, samstarfsvilja og hæfni til að framkvæma verkefni sem sett eru fyrir. Ávallt er lagt upp með að nemendur geti valið um aðferðir til að sýna hæfni sína og aðlagð verkefni að áhuga, sé þess kostur. Kennari gefur þeim endurgjöf jafnóðum í kennslustundinni svo nemendur vita hvernig þeim gengur með verkefnin.